

Fundargerð 69. fundur Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn hélt fund fimmtudaginn 31. október 2013 kl. 20 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mættir: Alex Páll Ólafsson, Valentínus Guðnason, Guðmundur K. Björnsson, Páll Guðmundsson, ,
Hrannar Pétursson og Gyða Steinsdóttir.

Dagskrá:

1. **Bréf Matvælastofnunar dags. 14.10.2013** varðandi hafnir landsins og matvælaöryggi. Lagt fram til kynningar.
2. **Ferjubryggja – lenging.** Gert er ráð fyrir 12 metra lengingu ferjubryggju. Hafnarstjórn fagnar lengingu bryggjunnar en vill benda á að gera þarf ráð fyrir lengri bryggju í framtíðinni vegna stærðar ferjunnar.
3. **Endurnýjun 2ja flotbryggja.** Endurnýja á tvær elstu flotbryggjurnar fyrir neðan Sæferðir. Verkið verður boðið út í nóvember. Hafnarstjórn fagnar því að framkvæmdir eru að fara af stað þar sem ástand bryggjanna er orðið slæmt.
4. **Sjónvörn við Skúlagötu.** Sigurbjartur sagði frá fyrirhugaðri sjónvörn. Hafnarstjórn telur sjónvörn vera of mikla. Telur stjórnin að skoða beri hvort hægt sé að lagfæra svæðið fyrir neðan hús með öðrum hætti og leggur til að byggingarfulltrúi skoði málið nánar í samstarfi við Siglingasvið Samgöngustofu.
5. **Deiliskipulag hafnarsvæðis.** Símon Sturluson og Sigurbjartur Loftsson mættu á fundinn. Símon sagði frá vinnu stýrihóps um mótun framtíðarsýnar Stykkishólmshafnar. Rætt var um hugmyndir sem hafa komið fram og ýmsar hugmyndir reifaðar. Símon vék af fundi kl. 21:00. Sigurbjartur vék af fundi kl. 21:50.
6. **Fjárhagsáætlun 2014.** Rætt um fjárhagsáætlun hafnarinnar fyrir árið 2014.
7. Önnur mál.
Byggðakvóti fiskveiðiársins 2013-2014. Hafnarstjórn harmar afgreiðslu sérreglna Stykkishólmsbæjar hjá bæjarstjórn þar sem hagsmunir hafnarinnar eru ekki hafðir í huga.
Dýpkun Landeyjarsunds. Hafnarstjórn fagnar því að nú eigi að fara af stað með dýpkun Landeyjarsunds.
Aðstaða fyrir smábáta til að fjara. Hafnarstjórn leggur til að skoðaðir verði möguleikar og leiðir til að gerð verði aðstaða fyrir smábáta til að fjara svo hægt verði að vinna við minni báta sem ekki komast í slippinn hjá Skipavík.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 22:50

Alex P. Ólafsson

Valentínus Guðnason

Guðmundur K. Björnsson

Páll Guðmundsson

Hrannar Pétursson

Gyða Steinsdóttir